

# Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.  
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.  
 Ritstjórar Matthías Johannessen,  
 Styrmir Gunnarsson,  
 Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,  
 Björn Jóhannsson.  
 Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson,  
 Magnús Finnsson,  
 Sigtryggur Sigtryggsson.  
 Auglýsingastjóri Baldvín Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Askritargjald 130 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 10 kr. eintakið.

## Thorvaldsen kemur heim til Íslands

Sýningin á verkum listasmíðsins frábæra Bertels Thorvaldsens sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag er mikið fagnaðarefni. Þar geta menn ekki aðeins kynnst dýrgripum úr Thorvaldsenssafni heldur einnig myndum og öðru er lýsir ævi listamannsins og starfi. Bertel Thorvaldsen (1770—1844) kom aldrei til Íslands, en hann var aldrei í vafa um íslenskan uppruna sinn. Skírnarfonturinn í Dómkirkjunni er til marks um það. Á honum stendur, að Thorvaldsen gefi ættjörð sinni fontinn. Í riti sem út kemur vegna Íslandssýningarinnar á verkum listasmíðsins segir dr. Kristján Eldjárn, fyrrum forseti Íslands, um Bertel Thorvaldsen: „Hann var danskur, en um leið íslenskur, og þetta er svo einfalt og augljóst sem verða má. Hið rétta er að eigna hann báðum þjóðum, þó hvorri með sínum hætti. Thorvaldsen er líka nógu mikill til þess að tvær þjóðir megi vel deila honum með sér eða eiga hann í sameiningu.“

Forstöðumenn Thorvaldsenssafnsins í Kaupmannahöfn, sem hefur að geyma 860 höggmyndir listamannsins, hafa af ótrúlegri fórnfýsi og mikilli vinsemd gert okkur Íslendingum kleift að kynna verkum meistarans. Í fyrsta sinn síðan safnið var stofnað, 1848, hafa starfsmenn þess undirbúið sýningu á verkum Thorvaldsens utan sinna eigin dyra. Enn einu sinni hafa tengslin milli Íslands og Danmerkur verið treyst með verðugum hætti. „Ég hef verið með það í huga að koma á þessari sýningu á verkum Thorvaldsens allt frá því ég kom hingað fyrst,“ sagði Janus A.W. Paludan, sendiherra Dana á Íslandi, í samtali við Morgunblaðið í gær.

Um leið og Dönnum er þakkað frumkvæði þeirra í þessu máli fögnum við Íslendingar því að Thorvaldsen skuli loksins koma heim til Íslands og við fá tækifæri til að kynna ódauðlegri list hans í íslensku umhverfi.

## Landssöfnun og björgunarstörf

Þessa dagana er efnt til landssöfnunar til styrktar slysavarnar- og björgunarstarfi. Hjálparstofnun kirkjunnar stendur að þessari fjársöfnun í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, Landssamband hjálparveita skáta og Landsamband flugbjörgunarsveita. Vegna nýrra reglna þurfa björgunarsveitir að endurnýja allan fjarskiptabúnað sinn. Án stuðnings allra landsmanna geta sveitirnar ekki ráðist í svo fjárfrekt átak.

Augu manna beinast jafnan að ósérhlífni og hæfni björgunarsveita, þegar slys verða. Í sveitunum starfa sjálfbodaliðar sem til þess eru búnir á nóttu sem degi, í veðurbliðu sem aftakaveðri, að leggja fram krafta sína til að bjarga mönnum úr lífsháska. Nú snúa þessir menn sér til almennings fyrir milligöngu kirkjunnar og fara fram á fjárstyrk til endurnýjunar á fjarskiptatækjum. Við slíku tilmælum er ekki unnt að bregðast nema með einum hætti.

## Bjartsýni skógræktarmanna

„Mér er óhætt að segja að mikill hugur sé nú í skógræktarfólki yfirleitt, enda margt sem bendir til þess að skilningur á mikilvægi trjá- og skógræktar hér á landi aukist með ári hverju, bæði hjá stjórnvöldum og meðal almennings,“ sagði Hulda Valtýsdóttir, formaður Skógræktarfélags Íslands, í viðtali við Morgunblaðið að loknum aðalfundi félagsins um síðustu helgi.

Bjartsýni skógræktarmanna er gleðiefni. Þeir skipa þann hóp, sem lætur sér annþ um landið okkar. Þeirri staðreynd getur enginn mótmælt, að í ýmsu tilliti höfum við, þær kynslóðir sem nú lifa og fyrri, gengið of nærri landinu með ofbeiti og vanrækt. Skógræktarmenn eru svarnir andstæðingar þeirrar þróunar. Hugsjónastarf þeirra er tekið að skila árangri með margvislegum hætti og vissulega er það merkur áfangi, að nú er farið að tala um skógrækt á Íslandi sem viðurkennda búgrein.



Frá fundi trúnaðarráðs LÍÚ í gær.

## Ályktun trúnaðarráðs LÍÚ:

# Undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar verður ekki rekinn með slíkum halla

Hér fer á eftir orðrétt ályktun trúnaðarráðs Landsambands íslenzkra útgerðarmanna sem samþykkt var samhljóða í gær, hún felur í sér, eins og fram kemur í baksíðufrétt blaðsins í dag, yfirlýsingu ráðsins um að það sjái sig knúð til að samþykkja stöðvun fiskveiðiflotans:

„Við ákvörðun fiskverðs um sl. áramót voru rekstrarskiilyrði útgerðarinnar miðuð við, að aflabroð á þessu ári yrðu sambærileg við það sem var á sl. ári, en þá voru þau betri en nokkru sinni áður. Þetta var óráðlegt því að við aflaminnkun röskuðust rekstrarskiilyrðin verulega eins og raun hefur orðið á.“

Fyrstu 7 mánuði ársins minnkandi þorskafla bátanna um 38 þúsund lestir eða um 18% og togaranna um 44 þúsund-lestir eða um 31%. Auk þessarar aflaminnkunar skerðast tekjur hvers skips mun meira, vegna þess að aflinn deilist á fleiri skip. Stafar það af fjölgun togara og aukinni þátttöku löðnuskipa í þorsveiðum, en þeim hafa verið bannaðar allar löðnuveiðar.

Samfara þessum erfiðleikum hefur olía hækkad í verði og er olíukostnaður nú herra hlutfall af tekjum en áður. Olía til fiskiskipa er 40% dýrari hér á landi en í nágrannalöndunum.

Ekki var ráðin bót á þessum erfiðleikum við fiskverðsákvörðun 1. júní og hafa rekstrarerfiðleikarnir því haldið áfram að vaxa. Stjórn LÍÚ hefur varað við þessari þróun mála frá því í júnímánuði, en án árangurs. Taldi hún sjávarútvegsráðherra hafa skilning á erfiðleikum og sérstaklega eftir að ráðherra afhenti LÍÚ tillögur sínar til úrbóta dags. 13. og 21. júlí sl. Í þeim var gert ráð fyrir bótum til togaranna fyrir fyrstu 5 mánuði ársins, lækkun á olíu um 20%, hækkun fiskverðs er komi að hálfu til útgerðarinnar fram hjá hlutaskiptum, lækkun fjármagnskostnaðar o.fl.

Í trausti þess að þessar tillögur næðu fram að ganga hefur fiskveiðiflotanum verið haldið til veida eins og mögulegt hefur verið.

Vegna almennra efnahagságerða dróst á langinn að í ljós kæmi til hverra úrræða ríkisstjórnin gripi. Nú hafa þau litið dagsins ljós og er mat þjóðhags-

stofnunar á afkomu fiskveiðanna á þann veg, eftir fiskverðsákvörðun, að halli sé að meðaltali á minni togurum um 15% af tekjum. Halli á bátum sé lítillaga minni en mun meiri á stóru togurum.

Ljóst er að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar verður ekki rekinn með slíkum halla og áframhaldandi rekstur leiðir einungis til skuldaflokkunar og stöðvunar flotans innan skamms tíma, nema viðunandi ráðstafanir verði gerðar til þess að skip með meðalafli geti greitt skuldbindingar sínar.

Trúnaðarráð LÍÚ sér sig því knúð til að samþykkja stöðvun fiskveiðiflotans samkvæmt heimild í b) lið 20. gr. samþykktar samtakanna.

Til þess að tækifæri gefist til enn frekari umfjöllunar um málafni útgerðarinnar samþykkir trúnaðarráðið að stöðvunin komi til framkvæmda með þeim hætti að skip í eigu félagsmanna LÍÚ láti ekki úr höfn eftir kl. 24.00 föstudaginn 10. september nk., en skip, sem þá eru á veiðum, ljúki veiðiferð. Þó mega bátar, sem landa daglega, halda áfram veiðum til föstudagsins 17. sept. nk.“



Landsbankinn opnar í dag nýtt útibú að Álfabakka 10 í Mjóddinni í Reykjavík. Þar verður öll almenn bankaafgreiðsla en sérstök áherzla verður lögð á ráðgjöf við viðskiptavinum Landsbankans. Nánar verður skýrt frá hinu nýja útibúi í blaðinu á morgun.